

AUGLÝSING

**um breytingu auglýsingu nr. 111/2014 um skrá yfir þau störf
hjá Akureyrarkaupstað sem eru undanþegin verfallsheimild.**

Eftirtalin störf falla hér með af skrá Akureyrarkaupstaðar yfir starfsheiti starfsmanna sem undanþegnir eru verfallsheimild samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 70/1996. Störf sem merkt eru með * eru störf þar sem starfsmenn eru utan stéttarfélaga, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá 1. október 2014 heyrir rekstur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri ekki undir Akureyrarkaupstað.

- I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-8. tölulið 2. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri*

- II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tölulið 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Heilsugæslustöðin á Akureyri:

Skrifstofustjóri (1 stg.)

Móttökuritarar (2 stg.)

Yfirlæknir (1 stg.)

Forstöðumaður heimahjúkrunar/hjúkrunarforstjóri (1 stg.)

Teymisstjórar heimahjúkrun (2 stg.)

Deildarstjóri mæðraverndar (1 stg.)

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

Akureyri, 29. janúar 2015.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2015